



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 17. janúar 2014

<p style="text-align: center;">Breytingar á reglugerðum Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál</p>
--

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 16. janúar voru gerðar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Um er að ræða efnislegar breytingar og eru aðildarfélög vinsamlegast beðin um að kynna sér þessar breytingar ítarlega.

Breytingarnar taka gildi nú þegar.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Leikur flautaður af áður en fullum leiktíma er náð.

Núgildandi ákvæði 15.6.

15.6. Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs eða annarra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð, skal leikurinn fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.

Nýtt ákvæði 15.6.

15.6. Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð skal dómari tilgreina ástæður í skýrslu til mótanefndar. Mótanefnd skal að teknu tilliti til aðstæðna ákvarða hvort úrslit skulu standa sé leikur flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af.

Miðað skal við að leik sé framhaldið frá þeirri mínútu sem honum var hætt, ef við verður komið og þá skv. forsendum um þátttöku leikmanna sem mótanefnd ákveður. Sé leikaðili í sök skal mótanefnd taka tillit til þess við ákvörðun sína um hvort úrslit skuli standa ef leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af. Hafi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.

Greinargerð: Í reglugerð um knattspyrnumót hefur vantað ákvæði sem tekur á aðstæðum sem upp geta komið þegar leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð. Upp kom atvik síðasta sumar og reglugerð KSÍ náði ekki að fullu yfir og þurfti því að fylgja alþjóðareglum þar um til að skera úr um atriði. Með þessari breytingu er bætt við ákvæði sem tekur á slíkum aðstæðum og er þessi breyting í anda reglugerða á Norðurlöndunum. Eins og fram kemur er meginreglan sú að leik skuli framhaldið frá þeirri mínútu sem honum var hætt ef hann er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð en þó eru á því ákveðnir fyrirvarar sem mótanefnd getur metið.

Reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál

Tilskipun FIFA vegna mismununar (discrimination)

Ný grein 16 í reglugerðinni (aðrar greinar númerast í samræmi við breytinguna)

16. grein – Mismunun

16.1.1. Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirleitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki. Jafnframt skal viðkomandi sæta banni frá viðkomandi leikvelli og sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmaður liðs skal sekt nema að lágmarki kr. 150.000.

16.1.2. Ef hópur (leikmanna og/eða forsvarsmanna liðs) frá sama félagi/liði brýtur samtímis gegn ákvæði greinar 16.1.1. skal viðkomandi félag/lið að auki missa þrjú stig í viðkomandi keppni við fyrsta brot en 6 stig við annað brot. Sé um ítrekuð brot að ræða er heimild til þess að fella lið um deild. Í tilvikum þar sem ekki er um stigakeppni að ræða (bikarkeppni/útsláttarkeppni) er heimilt að víkja viðkomandi liði úr keppni.

16.2.1. Ef stuðningsmenn liðs brjóta gegn ákvæði 16.1.1. á meðan á leik stendur skal viðkomandi félag sæta sekt að lágmarki kr. 150.000 án tillits til saknæmrar háttsemi eða yfirsjónar félagsins.

16.2.2. Ef um alvarleg brot áhorfenda er að ræða er heimild til aukinna viðurlaga s.s. að leikir séu leiknir án áhorfenda, leikur dæmdur tapaður eða hann ógiltur, frádrætti stiga í stigakeppni eða brottvísun úr mótí/keppni.

16.3.1. Áhorfandi eða áhorfendur sem brjóta gegn ákvæði 16.1.1. skulu sæta a.m.k. tveggja ára leikvallabanni.

Greinargerð: Ákvæði þetta er sett inn vegna tilskipunar FIFA og áherslu á að taka fast á hvers kyns mismunun eða fordómum. Ákvæðið er þýðing á ákvæði í agareglugerð FIFA sem öllum knattspyrnusamböndum innan FIFA ber að taka upp.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ